



Fyrsta samfellda byggðahverfið sem skipulagt var í Kópavogi var húsahverfi samvinnustarfsmanna, milli Hlíðarvegur og Fífuhvams, sem þá hét Fífuhvamsvegur, næst Hafnarfjarðarvegi. Það var byggingaflokkur starfsmanna SÍS sem sótti um að fá að byggja allt að 25 einbýlishús eftir sömu teikningu á erfðafestulandi sem nefnt var Digranesblettur 144. Teikningar voru eftir Sigvalda Thordarson arkitekt. Í skipulaginu var gert ráð fyrir almenningsgarði milli húsanna. Byggingar þessar, gerð þeirra og skipulag hverfisins hlutu samþykki 3. nóvember 1951.

Byggingarframkvæmdir hófust vorið 1953 og þremur árum síðar hófst vinna við garðinn og samliggjandi barnaleikvöll.

Hlíðargarður er fyrsta skipulagða útivistarsvæðið í Kópavogi og eini eiginlegi skrudgarðurinn. Hann er skipulagður í stíl evrópska hallargarða og á fáa sína líka hér á landi. Garðurinn er samhverfur (symmetrískur) en það er þegar miðlína liggur í gegnum garðinn og báðar hliðar eru spegilmyndir hvor af annari. Með hliðum garðsins var plantað skjólbelti og hefur það, ásamt grónum gördum umhverfis, gert Hlíðargarð að skjólsælli vin.



Árin 2003-2004 var Hlíðargarður endurnýjaður en haldið var í öll meginatriði upphaflega skipulagsins og formfesta garðsins undirstrikuð enn frekar.

Birkiskjóbeltin niður með hliðum garðsins eru að stofni til þau sem gróðursett voru árið 1958 en við endurgerðina var þar plantað fjölmörgum tegundum lágvaxnari trjáa og runna, jafnvel ávaxtatrjám s.s. kirsiberjum, plómum, eplum og perum. Um 80 tegundir trjáa og runna er að finna í Hlíðargarði.

Listaverk eftir Eyjólf Eyfells var sett upp í garðinum árið 1969. Það er nú í viðgerð en fyrirhugað er að það verði sett upp aftur.




Hlíðargarður varð fljótt vinsæll meðal Kópavogsbúa og þar voru 17. júní hátíðarhöldin í bænum haldin fram á áttunda áratuginn þegar þau rúmuðust þar ekki lengur. Vinnuskóli Kópavogs hélt þar sína árlegu Hlíðargarðshátíð um langt skeið og einnig leikskólar bæjarins síðar. Myndin er tekin á þjóðhátíðardaginn 1964.



Jóhann Schröder
1903 – 1971

Jóhann Schröder, danskur garðyrkjumaður, skipulagði Hlíðargarð og stýrði framkvæmdum við gerð hans. Jóhann byggði nýbýlið Birkihlíð við Nýbýlaveg, þar sem nú er Aspargrund, og flutti þangað árið 1937. Þar ráku þau hjónin gróðrastöð allt til ársins 1982. Jóhann Schröder tók virkan þátt í „sjálfstæðisbaráttu“ Kópavogsbúa á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar, m.a. með Framfarafélaginu í Kópavogi.





Hermann Lundholm
1917 – 2008

Hermann Lundholm, einnig danskur garðyrkjumaður, og hóf störf sem garðyrkjuráðunautur Kópavogsskaupstaðar vorið 1958. Eitt hans fyrsta verk var að gróðursetja tré og runna í Hlíðargarð og hafði hann síðan í starfi sínu umsjón með garðinum. Á sínum tíma var þar m.a. mikið safn fjölsærra plantna úr garði Hermanns við Hlíðarveg. Hermann Lundholm gegndi starfi garðyrkjuráðunautar allt til ársins 1989 er hann lét af störfum. Hann hlaut margar viðurkenningar fyrir störf sín, bæði hjá Kópavogsbæ og ekki síður á sviði garðyrkjunar á landsvisu.


1955

Upprunalegt skipulag Hlíðargarðs frá því um 1955, eftir Jóhann Schröder. Garðurinn var þó ekki gerður nákvæmlega samkvæmt þessari teikningu.



1987

Teikning gerð af Hlíðargarði eftir uppmælingu árið 1987. Ýmsu hafði þá verið bætt við garðinn frá upprunalegri framkvæmd 30 árum áður.



2003

Skipulag Hlíðargarðs sem unnið var eftir við endurgerðina 2003-2004.